

Nefndasvið Alþingis

Efni: Umsögn Þjóðskrár Íslands um tillögu til þingsályktunar, 52. mál á 148. löggjafarþingi 2017-2018.

Með vísan til tillögu til þingsályktunar um mótun eigendastefnu ríkisins fyrir bújarðir gefur Þjóðskrá Íslands eftirfarandi umsögn.

Þjóðskrá Íslands bendir á að afmörkun landeigna er ein grunnforsenda þess að mögulegt sé að leggja fram trúverðuga landnýtingaráætlun að hálfu ríkisins sem tæki á nýtingu ríkisjarða, eignarhaldi útlendinga og jarðarsöfnun á hendur fárra (t.d. vegna laxveiðihlunninda).

Gríðarlegar breytingar hafa átt sér stað á búskaparháttum á undanförunum 100 árum og hefur hugtakið jörð breyst með breyttum landbúnaðarháttum og einnig eru jarðir margbreytilegar. Þar sem gott aðgengi er að sjávarhlunnindum eru jarðir minni að flatarmáli en upp til sveita þar sem treysta þurfti einvörðungu á landbúnað til mataröflunar enda var hugtakið jörð hugsað sem rekstrareining til framfærslu þeirra sem jörðina byggðu.

Íllmögulegt er að hafa jörð sem útgangspunkt í landnotkunarstefnu vegna þess hversu ólíkar þær eru innbyrðis. Sem dæmi má nefna að óheimilt er að skilja hlunnindi frá jörðu sbr. 8. gr. jarðalaga og þar með getur komið til þess að heilu jarðirnar séu keyptar til þess eins að ná yfirráðum yfir veiðihlunnindum án þess að nýir eigendur hafi búskap í hyggju.

Telur Þjóðskrá Íslands nauðsynlegt að kortleggja afmörkun landeigna/jarða og byggja landnýtingaráætlanir á samspili afmörkunar landeigna, afmarkaðs skipulags (skipulags landbúnaðar), kortlagðrar landnotkunar/gróðurfars og skilgreinds eignarhalds.

Stofnunin telur að næstu skref hljóti að felast í því að afmarka allar ríkisjarðir með skipulögðum hætti til þess að skýrar upplýsingar liggja fyrir áður en mótun eigendastefnu ríkisins og ráðstöfun ríkisjarða geti hafist.

F.h. Þjóðskrár Íslands

Einar Örn Davíðsson
Lögfræðingur